

5. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að afturkalla löggildingu, sbr. 2. gr., ef sálfræðingur er vegna sjúkdóms eða af öðrum ástæðum álitinn óhæfur til að gegna starfi sem sálfræðingur. Leita skal álits Sálfræðingafélags Íslands um málið.

Einnig er heimilt að afturkalla löggildingu ef sálfræðingur þrátt fyrir viðvörum vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli laga. Sá aðili, sem hlut á að máli, getur skotið úrskurði um sviptingu löggildingar til dómstóla.

6. gr.

Sá sem afsalað hefur sér löggildingu eða verið sviptur leyfi til að kalla sig sálfræðing getur öðlast löggildingu að nýju ef skilyrðum 2. gr. er fullnægt og ástæður þær, sem tilgreindar eru í 5. gr., eiga ekki við. Heimilt er að veita slíka löggildingu til takmarkaðs tíma.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur mánuðum. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 23. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum, þar sem ekki er starfandi sveitarstjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu oddvitar eiga rétt á launum úr sveitarsjóði vegna starfa sinna skv. 39. gr. Skulu laun oddvita vera 6% af rekstrartekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélaga.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar framkvæmdir á vegum sveitarfélags, sem oddviti sér um, skal oddviti eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds, fundarhalds o. fl. í þágu sveitarfélags, á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu, og skal hreppsnefnd meta hana hverju sinni.

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er starfandi, skal þóknun oddvita ákveðin með sama hætti og annarra sveitarstjórnarmanna skv. 24. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977.

Gjört í Reykjavík 24. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 10. desember 1975, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðauka dags. 28. október 1969), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.